



Spáum 4,4% verðbólgu í september

Hagstofan birtir septembermælingu vísitölu neysluverðs (VNV) þriðjudaginn 28. september. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,5% hækkun vísitölu milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkar verðbólgan úr 4,3% í 4,4%. Verðbólga án húsnæðis hefur gengið nokkuð hratt niður að undanfögnu og mældist hún 3,3% í ágúst en hún sló hæst í 4,7% í janúar. Við spáum því að verðbólga án húsnæðiskostnaðar verði áfram 3,3% í september.

Við teljum að helstu áhrifaþættir á verðbólguþróunina í september verði föt og skór, reiknuð húsaleiga og húsgögn og heimilisbúnaður.

Spá okkar til næstu þriggja mánaða er að VNV hækki um 0,4% í október, 0,3% í nóvember og 0,3% í desember. Gangi spáin eftir mun verðbólgan verða 4,7% í desember. Við teljum að verðbólga án húsnæðis leiti líka ögn upp á við og að hún verði 3,5% í lok árs.

Verðbólgan óbreytt í 4,3% síðustu þrjá mánuði

VNV hækkaði um 0,45% milli mánaða í ágúst og mældist 4,3% verðbólga þriðja mánuðinn í röð. Útsöluáhrif á fatnaði og skóm voru minni í mánuðinum en við reiknuðum með og verðhækkun á húsnæði meiri. Við teljum hins vegar að draga muni úr verðhækkunum á íbúðamarkaði á næstu mánuðum sem mun styðja við hjöðnun verðbólgunnar.

Veikara gengi skýrir verri verðbólguhorfur


Núverandi spá um ársverðbólgu í september er 0,4 prósentum hærri en síðasta spá sem við birtum í verðkönnunarvikunni í ágúst. Skýrist munurinn í megin dráttum af því að krónan hefur gefið nokkuð eftir. Þannig hefur evran hækkað um 2,3% og verð á Bandaríkjadal hækkað um 2,1% milli verðkannanavikna.

Sumarútsölnar ganga til baka í september

Í hefðbundnu tíðarfari lækka föt og skór milli mánaða í júlí vegna sumarútsala og sú lækkun gengur síðan til baka í ágúst og september. Föt og skór lækkuðu um 5,3% milli mánaða í júlí sem er mun minni lækkun en verið hefur á síðustu árum. Líklegast má rekja þessi áhrif til minni kaupa Íslendinga á fatnaði erlendis vegna minni ferðalaga.

Undirliður	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Matur og drykkjarv.	14,4%	0,1%	0,02%
Áfengi og tóbak	2,7%	0,1%	0,00%
Föt og skór	3,7%	4,5%	0,17%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14,7%	0,1%	0,01%
Reiknuð húsaleiga	16,8%	0,8%	0,13%
Húsgögn og heimilisb.	6,6%	1,5%	0,10%
Heilsa	3,6%	-0,2%	-0,01%
Ferðir og flutningar (annað)	3,9%	-0,3%	-0,01%
Kaup ökutækja	5,4%	1,0%	0,05%
Bensín og díselolía	3,1%	0,6%	0,02%
Flugfargjöld til útlanda	1,5%	-3,2%	-0,05%
Póstur og sími	1,7%	0,5%	0,01%
Tómst. og menning	9,6%	0,6%	0,06%
Menntun	0,6%	0,7%	0,00%
Hótel og veitingast.	4,8%	-0,3%	-0,01%
Aðrar vörur og þjónusta	7,1%	0,2%	0,01%
Alls	100,0%	0,50%	

Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Macrobond



Föt og skór hækkuðu síðan einungis um 0,6% milli mánaða í ágúst. Sumarútsölnurnar virðast því hafa teygst sig inn verðkönnunarvikuna í ágúst í meiri mæli en síðustu ár. Það er hins vegar ólíklegt að þær hafi náð að teygja sig inn í verðkönnunarvikuna í september. Við eigum því von á að lækkunin í júlí gangi að fullu til baka núna í september. Til viðbótar við föt og skó hækka húsgögn og heimilisbúnaður einnig milli mánaða vegna útsöluloka.

Eigum von á að það dragi út hækkunartakti húsnæðisverðs


Í ágúst hækkaði húsnæðisverð í vísitölunni um rúmlega 1 prósent milli mánaða. Reiknuð húsaleiga hækkaði um tæplega 1 prósent, en áhrif vaxtabreytinga voru tæplega 0,1 prósentustig til lækkunar. Við eigum von á að það dragi úr hækkunartakti húsnæðisverðs og að áhrif vaxtabreytinga til lækkunar á reiknaða húsaleigu hverfi alveg næstu mánuði. Áhrif lækkandi íbúðarlánavaxta á undanförunum misserum hafa dregið úr verðbólgu í gegnum reiknaða húsaleigu. Hækkun vaxta á íbúðalánunum munu því að sama skapi hafa áhrif til aukinnar verðbólgu.

Í byrjun árs var verðbólga án húsnæðis 0,4 prósentustigum hærri en verðbólga. Síðan þá hefur verðbólga án húsnæðis hjaðnað hraðar en verðbólgan og var í ágúst einu prósentustigi lægri. Við eigum von á að svipaðri þróun næstu mánuði og að í lok árs muni verðbólga án húsnæðis mælast 3,5%, eða 1,2 prósentum lægri en verðbólga í heild. Töluverð óvissa er um þróun verðbólgunnar næstu misseri en litið lengra fram í tímann gerum við ráð fyrir að verðbólga bæði með og án húsnæðis nái hámarki í desember en síðan muni draga nokkuð hratt úr verðbólgu á báða þessa mælikvarða. Verðbólga verður samkvæmt spá okkar komin undir 4% í apríl og við spáum að verðbólga án húsnæðis verði þá komin niður í 2,7%.

Flugfargjöld, hótél og bílaleigubílar lækka


Að lokum eru nokkrir liðir sem við teljum að muni hafa áhrif til lækkunar í september. Þeir hafa það sammerkt að vera tengdir ferðaþjónustu. Þannig eigum við von á að flugfargjöld til útlanda, hótél og bílaleigubílar lækki milli mánaða. Heildaráhrif þessara liða í september eru 0,8 prósentustig til lækkunar.

Gengisþróun




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Verðbólguþróun



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Verðbólguþróun með og án húsnæðis fram til áramóta



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.